



Hvalfjarðarsveit, 20. maí 2019

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Netfang; sigurdur@skipulag.is

Efni: Vindorkuver, 80 – 130 MW vindorkugarður, Hróðnýjarstöðum

Með bréfi dags. 09.04.2019 frá Skipulagsstofnun til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV) er beðið um umsögn vegna skýrslu sem Eflas verkfræðistofa hefur samið vegna hugsanlegra vindorkugarðar að Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð.

Með erindinu fylgdi skýrsla Eflu, tillaga að matsáætlun (apríl 2019).

Með bréfi HeV, dags. 13.12.2017, til skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar vegna breytinga á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 komu ábendingar vegna fyrirhugaðs vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða. Á þessum tíma lá fyrir matslysing vegna aðalskipulagsbreytinganna. Þar lýsti HeV yfir að koma þyrti fram áhrif vegna hávaðamengunar frá rekstri vindorkuvers auk áhrifa af sjónmengun. Í fyrirliggjandi skýrslu Eflu verkfræðistofu nú er komið inn á hávaða- og sjónmengun.

Hávaðamengunin er reiknuð út frá líkani og tekur ekki sérstakt tillit til vindrósar svæðisins. Samkvæmt upplýsingum er ríkjandi norðaustanátt á svæðinu og verður ekki séð miðað við þá staðreynd að líkanið taki mið af þeirri vindátt.

HeV tekur ekki afstöðu til sjónmengunar á svæðinu.

Vegna framkvæmda sem gætu farið fram á svæðinu vill HeV koma eftirfarandi á framfæri:

1. Umrætt svæði undir vindorkuver er blautt mýrarsvæði og því viðkvæmt fyrir umferð.
2. Framkvæmdaraðili þarf að setja upp umhverfisáætlun vegna vegalagningar, umferðar vélknúinna tækja um svæðið og geymslu efna.
3. Farartæki sem fara um svæðið þarf að skoða sérstaklega m.t.t. leka á olíu eða öðrum efnum.
4. Ekki ætti að geyma hættuleg efni eða spilliefni inni á svæðinu utan vinnutíma nema með sérstökum varnarbúnaði.
5. Framkvæmdaaðili þarf leyfi heilbrigðisnefndar vegna mannvirkja, sem kunna að verða sett upp á svæðinu, s.s. starfsmannabúða, mötuneytis, snyrtiaðstöðu og meðferð og geymslu á hættulegum efnum.
6. Loks vill HeV benda á að vegna efnisflutninga á svæðið þarf hugsanlega leyfi heilbrigðisnefndar vegna málarnáma þaðan sem efnið kemur.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
VESTURLANDS

framkv. stj. heilbrigðiseftirlits

Samrit sent Dalabyggð.